


25.500 einstaklingar hafa nýtt sér starfsendurhæfingarþjónustu á vegum VIRK og sumir oftast en einu sinni. Þannig eru skráðir 28.500 starfsendurhæfingarferlar í upplýsingakerfi VIRK frá upphafi.

Yfir 80% þeirra sem leita til VIRK hafa ekki starfsgetu vegna andlegra sjúkdóma og/eða stoðkerfisvandamála.

2.700 þjónustuþegar eru nú í starfsendurhæfingu á vegum VIRK um allt land.

79% þeirra rúmlega 18.000 einstaklinga sem útskrifast hafa frá VIRK frá upphafi eru virkir á vinnumarkaði við útskrift; þ.e. í vinnu, í atvinnuleit eða lánshæfu námi.



Þjónustuþegar VIRK eru undantekningalítið [mjög ánægðir](#) með þjónustuna og telja hana auka verulega bæði lífsgæði sín og vinnugetu.

Nær átta af hverjum tíu landsmanna eru jákvæðir gagnvart VIRK samkvæmt [viðhorfskönnun](#).

Samkvæmt Talnakönnun þá nam [samfélagslegur ávinningur](#) af starfi VIRK 19,4 milljörðum króna árið 2023, rekstrarkostnaður sama árs var um 4,1 milljarðar króna.

## Markmið og tilgangur VIRK

- VIRK Starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun stofnuð árið 2008 af helstu samtökum stéttarfélaganna og atvinnurekenda á vinnumarkaði.
- Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði.
- Tilgangur með þjónustu á vegum VIRK er að aðstoða fólk við að komast til vinnu. Um er að ræða markvissa einstaklingsmiðaða ráðgjöf og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem krefst fullrar þátttöku viðkomandi einstaklings.
- Markmið VIRK er að draga markvisst úr líkum á því að einstaklingar hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku.
- [Rétt á þjónustu VIRK](#) eiga þeir einstaklingar sem ekki sinnt starfi sínu að hluta eða öllu leyti eða tekið þátt á vinnumarkaði vegna hindrana af völdum heilsubrestra og eru með beiðni eða vottorð frá lækni og hafa það að markmiði að verða virkur þátttakandi á vinnumarkaði eða að auka þátttöku sína á vinnumarkaði.

## Starfsemi VIRK

- VIRK vinnur að starfsendurhæfingu samkvæmt lögum 60/2012 í samstarfi við stéttarfélög, atvinnurekendur, lífeyrissjóði, þjónustuaðila í starfsendurhæfingu og stofnanir velferðarkerfisins.
- Starfsemi VIRK er fjármögnuð af atvinnurekendum, lífeyrissjóðum og ríkisvaldinu samkvæmt lögum 60/2012.
- VIRK hefur byggt upp þverfaglegan starfsendurhæfingarferil, persónulega ráðgjöf og þjónustu sem hefur það markmið að koma einstaklingum til vinnu.
- VIRK leggur mjög mikið uppúr góðu samstarfi við aðrar stofnanir innan velferðarkerfisins.
- Þjónusta VIRK er til staðar á öllum helstu þéttbýlisstöðum landsins, er einstaklingsmiðuð og einstaklingum að mestu að kostnaðarlausu.
- Á vegum VIRK starfa sérhæfðir ráðgjafar staðsettir hjá stéttarfélögum víða um land og í Borgartúni 18 sem fylgja notendum þjónustunnar allan starfsendurhæfingarferilinn og hvetja þá áfram.
- Sumir þjónustuþegar VIRK þurfa sérstakan stuðning við endurkomu á vinnumarkað frá [atvinnulífstenglum VIRK](#) sem aðstoða þjónustuþegana undir lok starfsendurhæfingar þeirra.
- Forvarnaverkefni VIRK vinnur að því að draga úr líkum á því að einstaklingar falli brott af vinnumarkaði vegna heilsubrestra m.a. með því að halda úti vefsíðunni [velvirk.is](#).
- Undanfarin ár hefur VIRK lagt aukna áherslu á [starfsendurhæfingu samhliða vinnu](#) og hafa margir þjónustuþegar nýtt sér þennan kost.
- VIRK á í miklu og góðu samstarfi við fagfólk um allt land, leggur áherslu á að nýta fagfólk á hverju svæði fyrir sig og þróa úrræði sem henta þeim fjölbreytta hópi sem nýtir sér þjónustu VIRK.
- Rúmlega 500 [þjónustuaðilar](#) um allt land eru í samstarfi við VIRK og keypt var þjónusta af þeim fyrir einstaklingana í starfsendurhæfingu fyrir tæplega [1,8 milljarð króna árið 2023](#).